



BLAKSAMBAND ÍSLANDS  
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson  
netfang: bli@bli.is Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

Reykjavík, 17. ágúst 2007

## 2. stjórnarfundur BLÍ, fimmtudaginn 16. ágúst kl. 17.00

### Dagskrá

- Mótamál (öll mót, umsóknir, reglugerðir o.fl.)
- Landsliðsmál
- Fjármál
- Erlend samskipti
- Önnur mál

*Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir. Harald Ísaksen, Ástríður Valbjörnsdóttir og Hreggviður Norðdahl boðuðu forföll. Ekkert heyrðist í Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.*

### Fundargerð

#### Mótamál:

**Deildakeppni** – 5 lið hafa skráð sig í 1. deild karla og 3 í 1. deild kvenna. Allt í lagi með karladeildina en það þarf aðgerðir fyrir kvennadeildina. Þarf að ná sama forsvarsmönnum félaga til að reyna að ná inn einu liði í viðbót í kvennadeildinni. Ef félög komast að niðurstöðu um samsetningu liðs þá þarf að setja bráðabirgðareglugerð í gang. Óskar og Jason taka að sér að athuga málið. Mótgjöld – 30.000 kr. + dómarakostnaður í 1. deild. 20.000 kr. + dómarakostnaður í 2. deild. 20.000 kr. í 3. deild (mótafyrirkomulag). Mótanefnd falið að senda út upplýsingar um 2. og 3. deild yfir 1. september.

**Bikarkeppni:** Fjöl margar óskir hafa borist um að halda mót í bikarum m.v. þá reglugerð sem senda var út til félaganna. Ákveðið að eitt mót yrði í Reykjavík í október og annað á Akureyri í byrjun febrúar. Mótanefnd falið að senda upplýsingar um það eins fljótt og auðið er. Mótgjöld vegna bikarkeppninnar er 15.000 kr. á lið og renna óskipt til mótshaldara (þ.e. 7.500 á hvort mót).



**BLAKSAMBAND ÍSLANDS**  
**ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL**  
Engjavegi 6  
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112  
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

**Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson**  
netfang: bli@bli.is Heimasíða: [www.bli.is](http://www.bli.is) Textavarp síða 339

---

**Haustmót BLÍ:** Þrjár umsóknir bárust vegna Haustmóts BLÍ. Ákveðið var að Dímon fengi að halda Haustmót BLÍ að þessu sinni. Mótanefnd falið að senda þær upplýsingar til Dímons á Hvolsvelli og þakkarbréf til hinna aðilanna sem sóttu um.

**Yngriflokkamót:** Fjórar umsóknir bárust fyrir yngriflokkamót. Stjórn sendir umsóknirnar til umfjöllunar í yngriflokkanefnd. Sævar var skipaður fulltrúi BLÍ í yngriflokkanefndinni og var beðinn um að boða nefndina á fund og stjórna fundum sem allra fyrst.

### **Landsliðsmál**

Engin A-landslið ennþá í gangi. Marek hefur áhuga á því að skipta um lið, taka við þjálfun karlaliðsins. Konurnar mega taka þátt í Evrópukeppni landsliða 2008-2009 og það ferli fer ekki í gang fyrr en CEV sendir eitthvað út í október.

Unglingalandsliðsmálin eru í farvegi eins og er, æfingar á fullu og krakkarnir á leið á mót í september.

### **Fjármál**

Óskar fjallaði um bága stöðu og setti fram hugmyndir um styrkjasöfnun sem farið verður í á næstunni. Óskar, Jason og Stefán vinna málið

### **Erlend samskipti**

Evrópuþing CEV verður í september – Jason Ívarsson fer þangað 14. september. SCD þing verður í Luxembourg í lok september – á eftir að ákveða hver fer þangað en að öllum líkindum verður það Jason.

Fleira var ekki rætt á fundinum og næsti fundur verður í september eða byrjun október

Fundi slitið kl. 18.45

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari